

Sp. 27. Tillaga til þingsályktunar [27. mál]

um eflingu iðnaðar á Vesturlandi.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Alexander Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um gerð áætlunar um iðnþróun á Vesturlandi.

G r e i n a r g e r ð .

Horfur um þróun mannfjölda og mannafla annars vegar og þá ekki síður fyrir-sjáanlegar breytingar á atvinnuskiptingu hins vegar hefur grundvallarþýðingu fyrir mótun atvinnumálastefnu næstu ára. Framkvæmd slíkrar atvinnumálastefnu getur haft veruleg áhrif á byggð víðs vegar um landið næstu árin, enda ráðast fólksflutningar milli byggðasvæða að verulegu leyti af atvinnuástandi á hverju svæði. Með tillögu þeirri til þingsályktunar, sem hér er lögð fram, er annars vegar reynt að leggja áherslu á þátt iðnaðar í mótun atvinnumálastefnu næstu ára og hins vegar að tryggja Vesturlandi eðlilegan þátt í framkvæmd þeirrar stefnu.

Ýmsar ástæður má nefna fyrir þörfinni á eflingu iðnaðar á Vesturlandi. Þar ber hæst, að hlutdeild Vesturlands í heildarfjölda landsmanna fer enn lækkandi, þótt verulega hafi dregið úr þeirri lækkun hin síðari ár í kjölfar uppbyggingar, m. a. í sjávarútvegi. Fjöldi íbúa í dreifbýli er þar hlutfallslega meiri en almennt gerist á landinu í heild og atvinnulíf er víðast hvar mjög einhæft. Á hinn bóginn eru ýmsar þær aðstæður fyrir hendi í landshlutanum, sem gefa fyrirheit um fjölbætta iðnþróun, ef skipulega verður að málum staðið og stuðningur veittur til þess að stuðla að raunhæfum framkvæmdum. Þar má til nefna, að Vesturland er í tiltölulega góðum samgöngutengslum við stærsta markað landsins, þar er stutt í meginorkuflutningslínum og nægur jarðvarmi er fyrir hendi í landshlutanum, sem auðveldlega mætti hagnýta. Af framansögðu má vera ljóst, að á Vesturlandi er bæði veruleg þörf á átaki í eflingu iðnaðar og ýmsar ákjósanlegar aðstæður fyrir hendi, sem á mætti byggja.

Um nokkurt skeið hefur byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins unnið markvisst að gerð byggðaðróunaráætlana fyrir einstök byggðasvæði á Vesturlandi. Eðlilegt væri að fela Framkvæmdastofnun gerð þeirrar áætlunar um þróun iðnaðar í landshlutanum, sem hér er fjallað um, enda er þar um verkefni að ræða, sem útfæra þyrfti í hinum almennu byggðaðróunaráætlunum fyrir einstök byggðasvæði innan landshlutans. Enn sem fyrr verður að telja æskilegt, að áætlunin verði unnin í nánú samráði og samvinnu við Samband sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi.